

Sp. 110. Tillaga til þingsályktunar

um réttindi Íslendinga á Grænlandi.

Flm.: Pétur Ottesen.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að gera nú þegar gangskör að því, að viðurkenndur verði réttur Íslendinga til atvinnurekstrar á Grænlandi og við strendur þess.

Greinargerð.

Enn hefur ekki verið gerð gangskör að því af hálfu Alþingis og ríkisstjórnar, að viðurkenndur verði réttur Íslendinga til atvinnurekstrar á Grænlandi og við strendur þess. Við svo búið má ekki sitja lengur. Verður nú án tafar að taka upp mál þetta með festu og röggsemi og leggja það fyrir gerðardóm á alþjóðavettvangi, ef Danir, sem nú sitja yfir rétti Íslendinga í Grænlandi, verða ekki refjalaust við þessari kröfu vorri. Tillögu um þetta efni, samhljóða þeirri, er hér birtist, flutti ég á Alþingi 1945. Fylgdi henni þá svo hljóðandi greinargerð:

„Það má allt til síðustu ára virða Íslendingum það til vorkunnar, þótt þeir hafi ekki gert gangskör að því að krefjast óskoraðs réttar til atvinnurekstrar á Grænlandi og við strendur þess. Stöðu Íslands var svo háttað til ársins 1918, að vér höfum fyrst þurft að leita réttar sjálfra vor og fullra yfirráða í landi voru. Viðurkenning sú, sem Íslendingar fengu fyrir fullveldi sínu 1918, gerði oss í þessu efni hægra um vik til að ná nokkru færi á að leita annars réttar vors, er oss var áður með öllu fyrirmunað og í salti hefur legið um ár og aldir. Eftir lýðveldisstofnunina 1944 höfum vér að fullu öðlazzt aðstöðu til þess að krefjast hér réttar vors og fá úr málinu skorið að alþjóðalögum, ef lyktir á því takast ekki með öðrum hætti. Þegar svo er komið, er það Íslendingum engan veginn vansalaust að láta aðra þjóð þegjandi og átölulaust sitja yfir rétti vorum til hagnýtingar á auðlindum Grænlands á landi og í sjó.

Engan veginn er því þannig varið, að eigi hafi áður verið um það uppi raddir á Íslandi, að Íslendingar ættu ríkan rétt til atvinnurekstrar á Grænlandi og yfirráða þar. Skáldið og hugsjónamaðurinn Einar Benediktsson ritaði fjölda þróttmikilla og rökfastra blaðagreina um rétt vörn á Grænlandi. Á síðustu árum hefur kunnur mennta- og fræðimaður, Jón Dúason, dr. phil., varið til þess drjúgum hluta af ævistarfi sínu að við að heimildum, sem hann hefur notað sem efnivið í merkar bækur um þetta mál, þar sem réttur vor til Grænlands, þessarar fornu íslenzku nýlendu, er studdur sterkum rökum. Hefur Alþingi viðurkennt þetta merka starf Jóns Dúasonar með því að veita nú um nokkurt árabíl fé úr ríkissjóði á fjárlögum til útgáfu þessara rita.

Í fornrítum vorum og samtímarítum annarra Norðurlandþjóða fyrirfinnst fjöldamargt, sem skýtur sterkum stöðum undir réttarkröfu vora til Grænlands.

Grænland liggur næst Íslandi allra Norðurálfurlanda. Þá leikur það eigi á tveim tungum, að Grænland fannst og byggðist frá Íslandi af íslenzkum þegnum eingöngu. Íslenzk nýlenda stóð þar um 500 ár. Þótt torsótt væri löngum sigling milli Grænlands og Íslands í þann tíma, var óslitið viðskiptasamband milli landanna um langan aldur. Þingið í Görðum í Einarsfirði samsvaraði að sumu leyti vorþingum hér á landi, og á Grænlandi gengu íslenzk lög. Þessu til sönnunar eru ýmsir staðir í Grágás, þar sem ákvæði eru um þá menn, sem eru „hér í landi eða í órum löndum“. „Ef maðr verðr sekr á Grænlandi ok er hverr þeira manna sekr hér, er þar er sekr. En svá skal hér sækja um björg ens sekja manns, er út þar varð sekr fullri sekd, sem hann yrði hér sekr á várþingi, þar til sagt er til sekdar hans á alþingi“ o. s. frv.

Grænland hefur verið talin nýlenda Íslands að fornu og er almennt nefnt svo í ritum útlendum sem innlendum fram á síðustu tíma. Nú er það alkunnugt, að nýlendusamband getur verið með mismunandi hætti, og þótt það geti lauslegt talizt, getur það eigi að síður verið traust og haldgott. Má vísa til skilnings mestu nýlendupjóðar heims, Englendinga, í þeim efnum.

Bókmenntir Íslendinga bera þess ljós vitni, hversu þeir töldu landið nákomið sér. Ari Þorgilsson hinn fróði ritar heilan kapitula um fund og bygging Grænlands í hið örstutta ágríp Íslandssögu, Íslendingabók, sem alls eru 10 kapitular. Eins telja Landnámabækur Íslands ágríp landnáma í Grænlandi. Íslendingar færðu og í letur sögu Eiríks rauða og aðra merka atburði í byggðum Grænlands á þeim tíma, rituðu fornsagnir um siglingaleið þangað, kirknaskrá, bæjatölu o. s. frv. Segja má að vísu, að í þessu felist ekki sönnun um stjórnskipulegt samband landanna, en það sýnir ótvírætt, hvað Íslendingar töldu sér landið nákomið og sögu þess hluta af sögu síns heimalands. Annálar segja, að Grænlandingar hafi gengið á hönd Hákonni gamla Noregskonungi 1261. Hafa sumir talið það vitni um fullveldi Grænlands, en þetta sannar ekkert um stjórnarlegt fullveldi þess. Goðorðin íslenzku komu sama konungi í hendur á ýmsum árum þessa tímabils, en á þeim árum er „gamli sáttmáli“ var ger, hafðist hér við Ólafur Grænlandabiskup (1262—64) og kom hingað utan af Grænlandi. Það verða engin rök fundin gegn því, að Grænland hafi verið nýlenda frá Íslandi á þessu tímabili.

Þeir atburðir, sem gerast í sögu Grænlands á næstu öldum, eru engan veginn þess eðlis, að þeir rýri eða geri að engu hinn forna rétt Íslands til þessarar nýlendu. Nýlendan týndist og eyddist fyrir sammingsrof konunga, siglingabann þeirra til annarra manna og fullkomið skilningsleysi af sjálfra þeirra hálfu. Hver vill halda því fram, að þessar ráðstafanir konunganna hafi svipt Ísland fornum rétti sínum til Grænlands?

Eða mundi stjórn Dana á Grænlandi og allar aðgerðir þar á síðari tímum, lokun landsins, verzlunareinokun og aðrar hliðstæðar leifar frá einveldistímanum, sem alls staðar annars staðar á norðurhveli jarðar hafa fyrir löngu verið brotnar á bak aftur og kveðnar niður, hafa frekar en hið fyrnefnda svipt Ísland rétti til þessarar fornu nýlendu sinnar? Ég hygg, að það beri hiklaust að svara þeirri spurningu neitandi.

Þessi stjórnartilhögun Dana á Grænlandi á enga stoð í siðgæðishugsjón menningarþjóða og kemur ekki heim við alþjóðarétt. Um það geta tæplega verið skiptar skoðanir.

Undir röklegan rétt Íslands til Grænlands hníga styrkar stoðir, bæði sögulega, réttarfarslega og landfræðilega. Því verður ekki í móti mælt. Það orkar ekki tvímælis, að það getur skipt miklu máli fyrir framtíð Íslendinga, að þeir fái viðurkenndan rétt sinn til Grænlands.

Enginn vafi er á því, að veiðiskapur er mikill við Grænland. Fiskveiðapjóðum, sem leitað hafa á Grænlandsmið, ber saman um, að fiskgengd sé þar ærin og meiri á stundum en þeir hafa annars staðar kynnt. Nýjustu rannsóknir fiskifræðinga í norðurhöfum hafa leitt í ljós með merkingu fiska og á annan hátt, að sami fiskstofninn sé við Grænlandsstrendur og strendur Íslands og að miklar og tíðar fiskgöngur séu á milli landanna. Enn fremur leiða fiskifræðingar rök að því, að aðalklakstöðvar þess nytjafisks, sem veiðist við strendur beggja landanna, séu við strendur Íslands. Fiskigrunnið við strendur Íslands er samkvæmt þessu uppeldisstöð og fóstra þess fiskstofns, sem gengur í þéttum torfum upp að Grænlandsströndum. Fiskiflota Íslands mundi bíða mikið verkefni á Grænlandsmiðum að sumarlagi.

Nokkuð leikur á tveim tungum um aðra landkosti á Grænlandi. Þó er það alkunnugt nú orðið, að þar eru málmar í jörðu og námugróftur þar nokkur rekinn. Kol eru þar á sumum stöðum. Landbúnaður var þar allmikill meðan Íslendingar byggðu landið. Útígangur var mikill og góður. Hefur þróast þar ágætlega fé það, sem þangað var flutt frá Íslandi fyrir nokkrum árum og lifað hefur að miklu leyti á útígangi. Þá er þar og loðdýraveiði mikil og gagnsamleg. Gnægð er þar sela og rostunga á ísnum við strendur landsins. Hreindýr og sauðnaut þrífast þar vel.

Á Grænlandi eru margháttuð framtíðarskilyrði fyrir hrausta og harðfenga menn.

Eins og fyrr greinir, má engan veginn slá því lengur á trest, að Íslendingar krefjist réttar síns á Grænlandi, hinni fornu nýlendu vorri, og láti þar til skarar skríða. Rétturinn er vor, hvort sem litið er á fornstöðu eða nýstöðu landsins í sambandi við ríkjandi réttarhugmyndir nútímans.“